

Ágúst 2023



# Ársskýrsla

Landsráðs um mönnun og  
menntun í heilbrigðisþjónustu

Júní 2022 til júní 2023

**Útgefandi:**

Stjórnarráð Íslands

Ársskýrsla – júní 2022 til júní 2023, landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu

Ágúst 2023

hrn@hrn.is

[www.hrn.is](http://www.hrn.is)

ISBN: 978-9935-515-42-1

**Umbrot og textavinnsla:**

Stjórnarráð Íslands

©2023 Stjórnarráð Íslands

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b> .....	<b>4</b>
<b>1. Fulltrúar landsráðs</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Markmið og áherslur í starfi landsráðs</b> .....	<b>6</b>
2.1 Yfirlit funda.....	6
<b>3. Formleg erindi til landsráðs frá ráðherra/ ráðuneytisstjóra</b> .....	<b>7</b>
3.1 Minnisblöð.....	7
3.2 Verkefni landsráðs.....	8
3.3 Verkefni í vinnslu hjá landsráði.....	8
<b>4. Aðgerðaáætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu</b> .....	<b>10</b>
4.1 Vinnustofur um verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta.....	10
4.2 Tilhögun sérnáms lækna og hjúkrunarfræðinga.....	10
4.3 Ímyndarvinna.....	10
4.4 Önnur mikilvæg verkefni til að bæta mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks.....	11

# Samantekt

Ársskýrsla landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu er yfirlit verkefna landsráðs ár hvert. Annað starfsár landsráðs var frá júní 2022 til júní 2023. Haldnir voru 19 formlegir fundir landsráðs veturinn 2022 til 2023 og 22 formlegir fundir með hagsmunahöfum. Landsráð skilaði 8 minnisblöðum til heilbrigðisráðherra á sínu öðru starfsári. Landsráð hefur lagt áherslu á að kynna sig og heyra sjónarmið hagsmunaaðila eins og fagfélaga heilbrigðisstarfsfólks, fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar, sjúklingasamtaka og fulltrúa hinna ýmsu heilbrigðisgreina frá menntastofnunum.

# 1. Fulltrúar landsráðs

Landsráð var skipað af heilbrigðisráðherra samkvæmt tilnefningum eftirtalinnna aðila og sátu eftirtaldir fulltrúar í ráðinu annað starfsárið:

Formaður: Bára Hildur Jóhannsdóttir, skipuð án tilnefningar

Embætti landlæknis: Anna Margrét Halldórsdóttir og Helga Þórðardóttir varamaður

Heilbrigðisvísindasvið háskólanna: Gísli Kort Kristófersson og Ólöf Guðný Geirsdóttir varamaður

Heilbrigðisstofnanir: Tómas Þór Ágústsson og Hildur Elísabet Pétursdóttir varamaður

Heilsugæsla: Svava Kristín Þorkelsdóttir og Elínborg Bárðardóttir varamaður

Mennta- og barnamálaráðuneyti: Krístrún Sigurðardóttir, frá maí 2022 og Ragnheiður Bóasdóttir varamaður

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti: Ólafur Grétar Kristjánsson, frá maí 2022 og varamaður Una Strand Viðarsdóttir.

Samband íslenskra sveitarfélaga: Valdimar O. Hermannsson og María Ingibjörg Kristjánsdóttir varamaður

Starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins í landsráði: Andrea Jónsdóttir, Dagmar Huld Matthíasdóttir og Ester Petra Gunnarsdóttir

## 2. Markmið og áherslur í starfi landsráðs

Samkvæmt skipunarbréfi hefur landsráð það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir undirbúning ákvarðana heilbrigðisráðherra á sviði mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu og vera samráðsvettvangur með virku samráði t.d. við sjúklinga, sjúklingasamtök, fagfélög og aðra hagsmunaaðila, mennta- og heilbrigðisstofnanir. Landsráð vinnur að hagsmunum alls heilbrigðiskerfisins óháð landshlutum eða heilbrigðisstéttum. Í því felst að lögð er áhersla á að horfa á heildina, alla landshluta og heilbrigðisstéttir þegar tillögur eru lagðar fram til ráðherra.

Áherslur í starfi landsráðs eru að réttur starfsmaður með rétta hæfni sé á réttum stað á réttum tíma á réttu þjónustustigi sjúklings. Auk þess sem notandi heilbrigðisþjónustunnar er alltaf í forgrunni með öryggi, gæði og hagkvæmni að leiðarljósi. Þá leggur landsráð áherslu á þverfaglega teymisvinnu, nýsköpun og stafrænar lausnir, að auka vægi fjarnáms og að horfa til nýrra leiða við menntun, fræðslu og þjálfun heilbrigðisstétta.

### 2.1 Yfirlit funda

Landsráð fundar alla jafna tvisvar í mánuði. Alls hafa verið haldnir 19 formlegir fundir landsráðs annað starfsárið og 22 formlegir fundir með hagsmunahöfum. Auk framangreindra funda hafa fulltrúar landsráðs fundað í smærri hópum til að ræða og finna lausnir á ýmsum verkefnum sem landsráði hafa verið falin. Þá tók landsráð þátt í vinnufundi með starfshóp um jöfnun á aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissvið óháð búsetu. Í meðfylgjandi töflu má sjá fundi landsráðs skipt eftir mánuðum.

Ár	Mánuður	Formlegir fundir landsráðs	Fundir með hagsmunahöfum
2022	Júní	1	0
2022	Júlí	0	0
2022	Ágúst	1	1
2022	September	3	1
2022	Október	2	2
2022	Nóvember	2	3
2022	Desember	1	2
2023	Janúar	2	2
2023	Febrúar	2	1
2023	Mars	2	5
2023	Apríl	1	2
2023	Mái	2	3

## 3. Formleg erindi til landsráðs frá ráðherra/ráðuneytisstjóra

Frá árinu 2021 alls hafa 12 formleg erindi borist landsráði frá ráðherra eða ráðuneytisstjóra. Erindum til afgreiðslu hefur verið forgangsraðað eftir áherslum heilbrigðisráðuneytisins.

Erindin eru eftirfarandi (í tímaröð):

1. Mönnun gjörgæsludeilda vegna Covid-19 faraldurs - ágúst 2021
2. Fjármögnun sérnáms á heilbrigðisstofnunum - ágúst 2021
3. Verkaskipting milli heilbrigðisstétta með áherslu á störf sjúkraliða - ágúst 2021
4. Hvort fjölga þurfi nemendum í meistaranámi í félagsráðgjöf - september 2021
5. Verkleg þjálfun sem skilyrði fyrir starfsleyfi sem sálfræðingur - nóvember 2021
6. Möguleikar á námi í heyrnarfræði á Íslandi - desember 2021
7. Tilhögun sérnáms lækna og hjúkrunarfræðinga - desember 2021
8. Mönnun talmeinafræðinga - janúar 2022
9. Nám í sjúkraflutningum og bráðataeknanám og tillögur til framtíðar - janúar 2022
10. Mönnun ljósmæðra til framtíðar - janúar 2022
11. Mönnun í tannheilbrigðisþjónustu - desember 2022
12. Mönnun sjúkranuddara og möguleiki á kennslu hér á landi - Janúar 2023.

### 3.1 Minnisblöð

Landsráð hefur skilað alls 16 minnisblöðum, 8 á fyrsta starfsári og 8 á öðru starfsári. Ráðherra hefur samþykkt 12 þeirra óbreytt. Í fjórum tilfellum var ósk um nánari vinnslu eða niðurbrot tillagna. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir minnisblöðin og hvenær þau voru samþykkt.

Nr.	Minnisblað til ráðherra/ráðuneytis	Samþykkt af ráðherra	Ósamþykkt	Starfsár
1	Fyrstu verkefni landsráðs		x	1
2	Aukið aðgengi að framhaldsnámsstöðum gjörgæsluhjúkrunarfræðinga	ágú.21		1
3	Fjármögnun sérnáms til heilbrigðisstofnana	sep.21		1
4	Niðurstöður og tillögur varðandi verkaskiptingu heilbrigðisstétta	sep.21		1
5	Mönnun og menntun nemenda í meistaranámi í félagsráðgjöf	feb.22		1
6	Nám í sjúkraflutningum og bráðatæknánám - fasi 1	feb.22		1
7	Nám í sjúkraflutningum og bráðatæknánám - fasi 2	jún.23		2
8	Verkleg þjálfun til starfsleyfis fyrir sálfræðinga - fasi 1	mai.22		1
9	Verkleg þjálfun til starfsleyfis fyrir sálfræðinga - fasi 2	sep.23		2
10	Starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu - leiðir til úrbóta		x	2
11	Mönnun og menntun talmeinafræðinga	mai.22		2
12	Vinnustofur um verkaskiptingu - haust 2022		x	2
13	Vinnustofa um lyfjamál - haust 2022		x	2
14	Mönnun ljósmæðra	jún.23		2
15	Nám í heyrnarfræði - 1. fasi	feb.22		1
16	Nám í heyrnarfræði - 2. fasi	jún.23		2

### 3.2 Verkefni landsráðs

Öllum minnisblöðum frá landsráði til ráðherra hafa fylgt tillögur að verkefnum sem landsráð fylgir eftir með beinum eða óbeinum hætti. Þau verkefni sem ráðherra hefur samþykkt eru ýmist falin heilbrigðisstofnunum til framkvæmda eða vísað til menntastofnana, ráðuneytis háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar eða ráðuneytis mennta- og barnmála. Önnur eru unnin af heilbrigðisráðuneyti og eftir atvikum í samstarfi við aðra og enn önnur unnin í samstarfi landsráðs við aðrar stofnanir og/eða fagfélög.

Auk verkefna sem samþykkt hafa verið af ráðherra hefur landsráð unnið með heilbrigðisráðuneyti að gagnaöflun og greiningarvinnu. Gagnaöflun snýr m.a. að starfsnámi heilbrigðisstétta, mönnun ljósmæðra o.fl.

Tvö stærstu verkefni landsráðs sem eru í vinnslu og verða áfram næstu tvö ár í það minnsta eru verkefni sem varða fjármögnun sérnáms til heilbrigðisstofnana og verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta.

### 3.3 Verkefni í vinnslu hjá landsráði

Eftirfarandi verkefni sem heilbrigðisráðherra/ráðuneytisstjóri hefur falið landráði eru í vinnslu og umræðu:

1. Tilhögun sérnáms lækna og hjúkrunarfræðinga og hvernig því verði best komið til framtíðar.
2. Mönnun tannheilbrigðisþjónustu – tannlæknar, tannfræðingar og tanntæknar
3. Mönnun og nám í sjúkrannuðara og tenging milli heilbrigðisgreina innan og milli skólastiga.

## 4. Aðgerðaáætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt skipunarbréfi skilar landsráð ráðherra ár hvert tillögum að aðgerðaráætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu.

Verkefni sem landsráð leggur áherslu á veturinn 2023 til 2024 eru eftirfarandi:

### 4.1 Upplýsingagátt um menntun.

Þörf er á birta og kynna með skýrum hætti framboð á menntun í heilbrigðisgreinum. Áherslu þarf að leggja á starfsstéttir sem eru í mestri skortstöðu hér á landi. Taka þarf mið af heilbrigðisgreinum sem kenndar eru hér á landi og þær sem kenndar eru eingöngu erlendis s.s. heyrnarfræðinga og tannfræðinga. Landsráð vill beita sér fyrir því að sett verði á lagginnar upplýsingagátt um menntun, framboð, hvar menntun er kennd o.s.frv. Nú þegar hefur landsráð aflað mikilla upplýsinga vegna þessa og því er kominn góður grunnur sem hægt er að nýta. Horft er til samvinnu milli heilbrigðisráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis við gerð og birtingu upplýsingagáttar.

### 4.2 Vinnustofur um verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta.

Vinnustofur með hagsmunahöfum. Markmið verkefnisins er að notendur fái bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu á sem hagkvæmastan hátt með aukinni þverfaglegri teymisvinnu þar sem hver heilbrigðisstarfsmaður fái aukin tækifæri til að vinna á toppi sinnar hæfni. Að mati landsráðs er mikilvægt að hefja verkefnið sem fyrst og forgangsraða þeim verkefnum sem hafa mikil áhrif, geta auðveldað störf heilbrigðisstarfsfólks og bætt þjónustu við skjólstæðinga. Fyrsta forgangsmál landsráðs er að skoða lyfjamál í stóru samhengi. Þar má nefna hlutverk lyfjatækna á heilbrigðisstofnunum og í apótekum, lyfjafræðinga í apótekum, gerð lyfjakorta, reglulega yfirferð lyfja hjá eldri borgurum og fleira. Önnur forgangsmál að mati landsráð ættu að vera heilbrigðistæknilausnir og tilvísana- og beiðnakerfi.

### 4.3 Ímyndarvinna.

Landsráð hefur lagt áherslu á ímyndavinnu í ljósi þess að ein af ógnum mönnunar er neikvæð umfjöllun um störf í heilbrigðisþjónustu. Nú þegar er slík vinna í gangi milli heilbrigðisráðuneytis og Fjölbrautaskólans í Ármúla. Telur landsráð afar brýnt að farið sé í ímyndarvinnu með fleiri heilbrigðisstéttum,

embætti landlæknis (lýðheilsusvið), heilbrigðisstofnunum og fleiri aðilum. Einnig leggur landsráð áherslu á að heilbrigðisstofnanir verði heilsuefandi vinnustaðir í samráði við lýðheilsusvið embættis landlæknis. Er það nauðsynlegur þáttur í að bæta starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks.

#### 4.4 Önnur mikilvæg verkefni til að bæta mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks

- **Upplýsingagjöf til landsráðs.** Landsráð leggur áherslu á að vera upplýst um þau verkefni sem unnin eru hjá heilbrigðisráðuneyti á sviði mönnunar og menntunar. Markmið með þessari áherslu er veita málefnum stuðning og liðsinni svo þau nái fram að ganga.
- **Sí- og endurmenntun heilbrigðisstétta.** Á fundum landsráðs, m.a. með hagsmunahöfum, hafa endurtekið komið fram ábendingar um þörf á umbótum hvað varðar tækifæri heilbrigðisstétta til sí- og endurmenntunar. Landsráð telur vera þörf á umræðu um hvernig má tryggja sérhverri heilbrigðisstétt viðeigandi tækifæri til sí- og endurmenntunar með það að markmiði að auka öryggi og gæði notenda heilbrigðisþjónustu og koma nýrri þekkingu á framfæri. Þá þarf að eiga sér stað umræða um hvernig hægt er að veita heilbrigðisstarfsfólki tækifæri til að sækja slíka fræðslu sem hluta af starfinu. Landsráð telur einnig vera þörf á að skoða hvort gera eigi kröfur um sí- og endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna, t.d. til að viðhalda starfsleyfi.
- **Samfella í námi eftir skólakerfum.** Leggja þarf áherslu á samfellu í námi heilbrigðisstétta og að allar heilbrigðisstéttir verði innan hins hefðbundna skólakerfis þar sem hægt er að fá menntun metna. Nú þegar hefur verið lögð áhersla á kynningu á námsgreinum á framhaldsskólastigi. Næstu skref ættu að vera að teikna leiðarvísi (Road map) um tengingu náms í heilbrigðisgreinum og tryggja fjölbreyttar námsleiðir á ólíkum stigum. Þá þarf að leggja áherslu á 4. stigs menntun þar sem slíkt er hægt.
- **Gagnagrunnur á landsvísu um klínísk störf.** Halda þarf áfram að safna gögnum er varðar klínísk námspláss/verknámspláss á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum. Með því móti fæst yfirsýn yfir námsstöður sem mun sýna fram á hvaða aðgerðir þarf að ráðast í til að fjölga verknámsplássum/klínískum námsplássum í námsgreinum þar sem mestur skortur er á heilbrigðisstarfsfólki.
- **Stjórnendapjálfun er nauðsynlegt að efla.** Stjórnendur eru lykilaðilar við að móta enn betra starfsumhverfi. Tryggja þarf stuðning við stjórnendur í starfi og nauðsynlega nýliðun í hópi stjórnenda. Lagt er til að slík þjálfun verði unnin með aðkomu stjórnendaseturs ríkisins fyrir heilbrigðisstofnanir. Horfa þarf til sameiginlegrar stjórnendapjálfunar þvert á heilbrigðisstofnanir með það að markmiði að auka heildarsýn, samstarf og samvinnu stofnana og jafningjastuðning.

